ATBURÐIR síðari heimsstyrjaldarinnar kenndu Íslendingum, að þeir gátu ekki umflúið staðreyndirnar um hernaðarbýdingu landsins, að hlutleysið var engin vörn og að þeir gátu ekki látið sjer í ljettu rúmi liggja, hvor ofan á yrði í þeim heljarátökum, er þá áttu sjer stað.

Hervarnarsáttmálinn við Bandaríkin sumarið 1941 kvað upp dauðadóminn yfir „hlutleysis“-kenningunni, sem reynst hafði máttvana til verndar landinu.

Íslendingar sáu landi sínu borgið með samningum við stórveldin og þorðu að velja á milli

I ræðu minni á Þingvöllum 18. júní 1943 drap jeg á þýðingu hervarnarsamningsins. Jeg sagði þá um samning þenna m. a.:

„Með honum varð gerbreyting á utanríkisstefnu Íslands.

Pangað til höfðu Íslendingar stranglega fylgt því fyrirmæli 19. greinar sambandslaganna, að Ísland lýsti ævarandi hlutleysi sínu. Af þessari stefnu leiddi algert athafnaleysi í utanríkismálum, öðrum en þeim, sem varða verslun og viðskipti. Reglan var sú ein, að bíða og sjá hvað setti

Með hervarnarsamningnum var í fyrsta skipti og á eftirminnilegan hátt horfið frá þessari reglu. Hlutleysisfirlýsingin í 19. gr. sambandslaganna var brotin. E. t. v. ekki þegar í stað, en að því stefnt, þar sem allir bjuggust við, að Bandaríkin mundu áður en lyki lenda í ófriðnum, svo sem brátt varð.

Eigi verður um það deilt, að horfið var frá hinu algera hlutleysi af ríkri nauðsyn. En þarna er enn eitt dæmi þess, að straumur tímans ber í brott hvert fyrirmæli sambandslaganna af öðru, og að þessu sinni áttu Bretland og Bandaríkin beinan hlut að.

Mikilsverðara er þó hitt, að atburðirnir höfðu kennt Íslendingum, að einangrun þeirra var úr sögunni. Þeir urðu að taka upp athafnasemi í utanríkismálum. Sjá landi sínu borgið með samningum við stórveldin og þora að velja á milli.“

Brynjólfur Bjarnason sagði, að á Íslandi mætti skjóta án miskunnar, að eins og það yrði Rússum að gagni

Óhætt er að fullyrða, að fyrir árið 1940 mundu fáir Íslendingar hafa viljað gera slikan samning við nokkra þjóð. Auðvitað voru menn misjafnlega fljótir að áttu sig á hinu breyttu viðhorfi, en þó var hervarnarsamningurinn samþykktur með samhljóða atkvæðum allra þingmanna annara en fulltrúa kommúnista á Alþingi.

Kommúnistar ætluðu að útvega Rússum átyllu til íblöndunar um íslensk mál

Brynjólfur Bjarnason gerði á eftirminnilegan hátt grein fyrir afstöðu kommúnista, er hann sagði, að Íslendingar myndu ekki telja það eftir sjer þótt hjer „verði skotið án allrar miskunar“, „ef ráðstafanir Bandaríkjanna yrðu til þess, að veitt yrði virk aðstoð í þeiri baráttu, sem háð er á austur vígstöðvunum“. (Alþingistíðindi 1941, 57. löggjafing. síða 45, 5. sbr. 24.—28. lína að ofan).

Á þessari úrslitastundu gat aðalumboðsmáður kommúnista flokksins hjer á landi ekki dulid það, að hann taldi, að hagsmunir Rússaa ættu að ráða meira um utanríkisstefnu Íslendinga en hagsmunir Íslendinga sjálfrá. Sem betur fer, voru það þó fáir, sem litu þannig á, og nú er það orðið viðurkennt af öllum nema æststu kommúnistum og örfaum sjervitringum, að Íslendingar hafi gert rjett, þegar þeir gerðu hervarnarsamninginn 1941.

Kommúnistar vildu fá ábyrgð Rússaa

Um hitt voru allflestir sammála, að þótt hervarnarsamningurinn 1941 væri hagkvæmur úr því, sem komið var, þá var ekki með honum fundin varanleg lausn á vörnum Íslands, ef til síðari ófriðar kæmi.

Um það bil, sem lýðveldið var stofnað 1944, var það að vonum mjög rikt i hugum manna, hvernig tryggt yrði framtíðarþryggi Íslands. Þá var einnig tölubert unnið að því meðal alþingismanna að hefja Alþingi upp úr þáverandi óvirðingu, vegna setu utanþingsstjórnarinnar sökum ósamlyndisins á Alþingi. Áttu sjer þess vegna um þær mundir stað allitarlegar viðræður á milli flokkanna um möguleika á stofnun þingræðisstjórnar.

Í þeim viðræðum lögðu kommúnistar höfuðáherslu á, með svipuðum hætti og þeir höfðu gert 1941, að fengin yrði viðurkenning Bandaríkjanna, Bretlands og Sovjetlýðveldanna á frelsi, fullveldi og friðhelgi Íslands að styrjöldinni lokinni. Áttu þessi ríki í sameiningu að taka ábyrgð á, að landið fengi að njóta þessa sjálfstæðis og að ekki yrði gengið á rjett þess á nokkurn hátt.

Samskonar ábyrgð notuð til undirokunar

Út af fyrir sig hljómaði þetta vel. En ekki þurfti mikla þekkingu á alþjóðamálum til að sjá, að slike ábyrgðaryfirlýsingar tiltekinna ríkja eru mjög var hugaverðar.

Slike ábyrgðaryfirlýsingar hafa oft verið notaðar af þeim ríkum er þær gáfu, sem skjóti, til þess

að hlutast til um málefni þeirra ríkja, sem vernda átti, eða jafn vel undiroka þau og innlima með öllu.

Albánía, Belgía, Luxembourg Malta og Krakau fengu öll á sínum tíma hlutleysisábyrgð tiltekinna ríkja. Skömmu eftir, að ábyrgðin var gefin, var Krakau innlimuð af einu þeirra ríkja, sem ábyrgst hafði hlutleysi þess. Malta er, þrátt fyrir hlutleysisábyrgðina, fyrir löngu orðin hluti af breska heimsveldini. Ítalía rjeðist á Albáníu þrátt fyrir hlutleysis- og vinattusamninga. Þýskaland rjeðist að ósekju á Belgia og Luxembourg þrátt fyrir ábyrgðina á hlutleysi þeirra.

Meðferð Rússaa á baltnesku þjóðunum

Fram eftir ári 1939 reyndu Bretar og Frakkar að semja við Rússaa um, að halda Þjóðverjum í skefjum. Rússar töku þessu líklega, en settu það skilyrði, að hlutleysi Eistlands, Lettlands og Lithauens yrði tryggt eða gert raunverulegt. Þetta átti að gerast með ábyrgð Rússlands, Englands og Frakklands.

Samkomulag náðist ekki um betta vegna þess, að þjóðirnar þjár, sem sagt var að tryggja ætti, óttuðust, að þá tryggingu ætti að nota sem yfirvarp fyrir eina ábyrgðarþjóðina til að her-taka lönd þeirra. Eftir að Rússar höfðu samið við Þjóðverja 23. ágúst 1939, kúguðu þeir þessar þjár þjóðir til að láta sig fá herstöðvar í löndum þeirra. Var það gert undir því yfirvarpi, að annars væri yfirvofandi, að Englendingar og Frakkar bryti á þeim hlutleysi þeirra, með því í upphafi ófriðarins að ryðjast inn um dönsku sundin og sigla eftir endilöngu Eystrasalti, þar sem Þjóðverjar þá höfðu öll ráð. Herstöðvarnar notuðu Rússar síðan til þess að svípta þjóðir þessar sjálftæði og innlima þær og lönd þeirra í Rússland.

Fyrir þá, sem vildu læra af reynslu annara og forðast ágengni yfriegangssamra stórvelda var þess vegna ekki girtil, að sækjast eftir slíkri ábyrgðaryfirlýsingu, sem kommúnistar óskuðu eftir. Það mál datt því niður.

Kommúnistar vildu, að Ísland segði óðrum eins, ef það yrði Rússum

Kommúnistar fengu ekki ósk um sínum um þetta fullnægt, hvorki í sambandi við lýðveldisstofnunina 1944 nje þingræðisstjórnarmyndunina í október sama ár. Var þeim mun hægara að vísa þessum krifum á bug, sem vitað var, að um þess

ar mundir var hafinn undirbúningur alþjóðasamtaka, sem skyldi tryggja heimsfriðinn að styrjöldinni lokinni.

Snemma árs 1945 fengu Íslendingar vitnesku um, að þeir væru velkomnir í þessi fyrirhuguðu samtök. Það skilyrði var þó sett, að Íslendingar yrði að lýsa yfir ófriði á hendur Þýskalandi eða Japan, til þess að geta orðið stofnandi samtakanna. Mál þetta var mikil rætt á meðal þingmanna, bæði á flokksfundum og lokuðum þingmannafundum.

Það leyndi sjer ekki, að kommúnistar voru því mjög fylgjandi, að Íslendingar segðu þessum tveim stórveldum, sem þá var mjög tekið að hallast fyrir, strið á hendur, eða a. m. k. viðurkenndu, að Ísland væri í striði við þau. Sóttu kommúnistar það af ofurkappi, að þessi háttur væri á hafður og lögðu mikla fæð á þá, sem þeir töldu því andviga.

Meginhluti þingmanna vildi þó ekki ljá þessu liðsyrði. Sögðu flestir sem satt var, að Íslendingar hvorki gæti sagt öðrum þjóðum strið á hendur nje háð styrjöld, en hefðu þegar stutt málstað bandamanna eftir því, sem þeir hefðu haft föng til.

Kommúnistar vildu ihlutun Rússaa um íslensk mál

Þeim, sem höfðu viljað knýja Ísland til striðspáttóku, þóttu þessi svör að vonum egi fullnægjandi, og var Íslandi þess vegna ekki boðið að vera meðal stofnenda bandalags Sameinuðu þjóðanna.

Íslendingar höfðu af því hvorki tjón nje miska, þótt þeir yrðu egi stofnendur þess banda lags. Hitt duldist engum, að annað lá að baki ákefðar kommúnista um striðsfirlýsinguna en uppi var látið. Kom þá mörg um til hugar, að með henni hefði átt að fá Rússum samskonar átyllu til ihlutunar um Íslandsmál eins og ætlað hafði verið með ábyrgðaryfirlýsingunni, sem kommúnistar vildu knýja fram 1941 og 1944.

— Bjarni Benediktsson

Frh. af bls. 1.

Gæti það illa öðruvísi verið en að þeir, sem sannfærðir eru um, að Bretland og Bandaríkin sjeu aðal-próskuldarnir fyrir sönum framförum í heiminum vildu nokkuð af mörkum leggja til að ryðja þeim úr vegi. Eftir að Hitler sál. leið eru kommúnistar helstu málsvarar þessarar skoðunar um skaðsemi Bretlands og Bandaríkjanna.

Kommúnistar hjer á landi leggja þess vegna mikla stund á, að búa svo í haginn, að Ísland sje hægt að nota til árása á þessi tvö skaðsemarríki. Þeir telja það hið mesta og mikilvægasta verkefni sitt að sjá svo um, að Ísland liggi sem ónotaður rýtingur, er rekinn verði í bakið á þessum tveim heimsveldum.

Verum viðbúnir

Sem betur fer eru það áreiðanlega fáir Íslendingar sem vísvitandi vilja láta nota land sitt á benna veg. Allur þorri manna hjer á landi óskar þess einlægilega, að landið hefði enga hernaðarþýðingu. En þeir fá ekki gert við staðreyndunum.

Eins og nú háttar til í heiminum hlýtur Ísland að blandast inn í heimsstyrjöld brjótist hún út, hvort sem Íslendingar óska þess eða ekki. Siðasta styrjöld kvað upp sinn ótvíraða dóum um það. Allt, sem menn vita um hugsanlega nýja styrjöld, bendir til þess, að þýðing Íslands verði þá ennpá meiri en hún var síðast. Þess vegna hljóta allir þjóð

hollir Íslendingar fyrst og fremst að vinna af alefli á móti því, að ný styrjöld brjótist út. En samhliða því verða þeir að sjá landi og þjóð borgið eftir föngum, ef allar hinar fögru friðarvonir skyldu að engu verða fyrir ágengni árásar-mannanna.

— Fólkstjóldinn

Frh. af bls. 1. eða um 2.9%. En í sýslunum hefur fólk fjlölgð um 298 manns eða um 0.5%. Í Reykjavík hefur fólk fjlölgð um 1.694 manns eða 3.3%. Í 8 af hinum kaupstöðunum hefur fólk fjlölgð um að fækkað í 2, Ísafirði og Seyðisfirði.

Myndabók fyrir börn

KOMIÐ er í verslanir myndahæftið „Dýrin“. Er það ætlað börnum og hefir inni að halda myndir af ýmsum villidýrum. Fylgir hverri mynd vísubrot eftir Freystein Gunnarsson, skólastjóra og einnig bókstafur hvers dýrs fyrir sig, svo sem L fyrir Ljón, T fyrir Tígrisdýr og H fyrir Hljebærði. Er sennilegt, að þetta kenni börnum að þekkja stafina og opni kannski um leið fyrir þeim nýja heima um tilveru einkennilegra dýra út um viða verold. Heftið er ljósprentað hjá Litho-

Bjarni Benediktsson:

Utanríkismál 6

Ísland gekk í hernaðarbandalag 1946 er það gerðist ein af sameinuðu þjóðunum

VIÐ udirbúninginn að stofnun bandalags Sameinuðu þjóðanna urðu margar greinar með stórveldunum. Um sama leyti kom og á daginn, að Rússar vildu ekki una því, að frelsi og lýðraði ríkti í næstu nágrannaríkjum þeirra til vesturs, heldur vildu þeir, að lönd þessi yrðu, þvert ofan í gerða samninga, leppriki Rússlands, aðeins með formlegu sjálfstæði en Sovjetskipulagi, alveg án tillits til óska þjóðanna sjálfrar.

Bandaríkin biðja um herstöðvar

Allt varð þetta til þess, að ýmsir óttuðust, að heimsfriðurninn yrði ekki eins öruggur að aflóknunum hildarleiknum og menn höfðu vonað. Enda fóru þá flestar þjóðir, hver eftir sinni getu, að tryggja hag sinn „upp á gamla móðinn“.

Hinn 1. október 1945 snjeri Bandaríkjastjórn sjer til íslensku stjórnarinnar og óskaði þess, að í stað hervarnarsamningsins frá 1941, sem deila mátti um, hvenær falla skyldi úr gildi, yrði samið um, að Bandaríkin fengi hjer á landi herstöðvar til langa tíma.

Eftir að íslensku stjórnin hafði ihugað þetta mál vandlega og haft um það samráð við þingflokkana, svaraði hún því, að Íslendingar gætu ekki orðið við þessum óskum Bandaríkjastjórnar. Áttu sjer stað um þetta nokkur orðaskipti á milli stjórnanna, en þeim lyktaði svo, að Bandaríkjastjórn ljet málid kyrrt liggja.

Kommúnistar höfðu fyrir löngu markað þá stefnu sína, að þeir höfðu ekki á móti afskiptum sjerstakra stórvelda af málum Íslands, ef Sovjet-Rússland var í þeirra hóp, ella voru þeir hverskonar samningum við önnur stórveldi algerlega andvígir, þ. á. m. þessum.

Yfirlýsing Ólafs Thors

En þeir Íslendingar, sem eingöngu litu á hagsmuni íslensku þjóðarinnar, gátu heldur ekki orðið við þessum óskum stjórnar Bandaríkjamanna. Ólafur Thors lýsti 26. apríl 1946 stefnu Íslendinga rjettilega á þessa leið:

„Voldug vinabjóð hafði borð fram óskir við stjórn Íslands. Íslendingar áttu henni margt gott upp að unna og af henni þegið margvislega beinu og ó-beina aðstoð á styrjaldarárunum. Og enn var þess að minnst, sem Íslendingar aldrei gleyma, að Bandaríkjamenn viðurkendu allra þjóða fyrstir skýlausum rjett okkar til að endurreisa lýðveldið og studdu okkur betur og drengilegar í lokabætti sjálfstæðisbaráttunnar en nokkur önnur þjóð. Bandaríkin voru því als góðs makleg. En þegar þau beiddust þess, sem Íslendingar engum vilja í tje líta, var ekki hægt að segja

já. Í slíku málí verða íslenskir hagsmunir einir að ráða“.

Ísland gengur í bandalag Sameinuðu þjóðanna

Það eitt að neita Bandaríkjum um herstöðvar hjer á landi, var auðvitað ekki nóg. Eftir var það megin verkefni, að træggja landsmönnum frið og varnir, ef til ófriðar kæmi, án þess, að nokkuð það væri látið af höndum, sem við engum vildum láta í tje.

Þrátt fyrir það þótt samlyndi Sameinuðu þjóðanna væri þá þegar allstírt, þótti mönnum samt sem i samtökum þeirra fælist helsta vorin um, að friðum yrði haldið uppi, og þar væri helst að leita verndar fyrir smáþjóðirnar.

Þegar íslensku stjórninni barst vitneskja um, að Ísland ætti þess völ afarkostalaust, að gerast þáttakandi í bandalagi Sameinuðu þjóðanna, lagði hún þess vegna til, að svo yrði gert. Þing var kallað saman á miðju sumri 1946 til ákvörðunar um þáttöku í þessu bandalagi, og var hún samþykkt þar með yfir gnaefandi meirihluta atkvæða.

36 þingmenn greiddu atkvæði með þáttökunni, en aðeins 6 á móti: 5 Framsóknarmenn og Hannibal Valdimarsson. Allir kommúnistar, flestir Sjálfstæðismenn og Alþýðuflokksmenn en aðeins tveir Framsóknarmenn, Bjarni Ásgeirsson og Hermann Jónasson, greiddu atkvæði með því að ganga í bandalagið.

Hernaðarbandalag

Með þáttökunni sinni í bandalagi Sameinuðu þjóðanna gerðust Íslendingar aðilar að hernaðarbandalagi Samkvæmt sátt mála Sameinuðu þjóðanna getur Öryggisráðið, ef eithvert ríki ræðst á annað, og aðrar aðgerðir reynast ófullnægjandi, gripið til hernaðaraðgerða með lofther, flota og landher, eftir því sem nauðsyn krefur, til að varðveita eða koma á aftur heimsfriði og öryggi, sbr. 42, grein sáttmálans.

Í 43. grein takast allir meðlimir hinna Sameinuðu þjóða á hendur, að láta Öryggisráðinu í tje, ef það krefst þess, samkvæmt sjerstökum samningi eða samningum, herlið, aðstoð og fríðindi, þar með talinn rjettur til yfirferðar, eins og nauðsynlegt er, til varðveislu heimsfriði og öryggi.

Í 45. grein segir, að meðlimir skuli ætíð hafa reiðubúnar eigin lofthersveitir til sam-eiginlegra alþjóðlegra þingunaraðgerð. Loks segir í 47. grein að sett

skuli á stofn herforingjanefnd, til að gefa Öryggisráðinu að stoð og ráðleggingar um öll þau mál, sem varða hernaðarþarfir þess.

Afneitun hlutleysis-stefnunnar enn ítrekuð

Eftir sáttmálanum er ótvírætt, að hlutleysi einstakra ríkja kemur ekki til greina, heldur eru þau skyldug til að aðstoða Öryggisráðið við varðveislu friðar og öryggis í heimnum.

Íslendingar höfðu að visu á árinu 1941 yfirgefið hlutleysisstefnuna. Sú ákvörðun var enn ítrekuð með þáttöku í bandalagi Sameinuðu þjóðanna. Það skildu Íslendingar jafnt sem aðrir.

Sviss, sem er eina ríkið, er þrátt fyrir allt hefur ekki viljað hverfa frá hlutleysisstefnunni, sýndi skilning sinn á þessu í verkinu. Þar sem það neitaði að ganga í bandalag Sameinuðu þjóðanna, vegna þess að slíkt væri ósamrýmanlegt hlutleysi landsins.

Ísland aðili hernaðarbandalags

Íslendingar afneituðu ekki aðeins hlutleysinu með þáttöku sinni í bandalagi Sameinuðu þjóðanna, heldur gerðust þeir þá, eins og fyrr segir, aðilar hernaðarbandalags.

Síðar hafa sumir þeirra, er ákafastir voru í stuðningi við inngöngu Íslands í bandalag þetta, hamrað á því, að Ísland mætti aldrei gerast aðili hernaðarbandalags. Það var fullseint sjeð, því að þá hefðu þeir átt að berjast á móti þáttöku Íslands í þessu viðtækasta hernaðarbandalagi, sem stofnað hefur verið og sagan kann frá að greina.

Hitt er annað mál, að þáttaka Íslands í þessu hernaðarbandalagi sem öðrum, hlaut að verða með nokkrum sjerstökum hætti, þar sem Íslendingar eru vopnlaus þjóð og frábitin öllum hernaði. En þeim mun meira reið Íslendingum á, að tryggja sig með samningum við aðra. Enda hlaut landið án slikra samninga að bíða sem ó-varin bráð fyrir fyrsta árásaríki.

Af því að Íslendingar skildu þá hættu gengu þeir í bandalagið.

Yfirlýsing utanríkismálanefndar

Utanríkismálanefnd, sem fjall aði um málið á þinginu 1946, segir um þetta sínar réttum „Íslendingar eru reiðubúnir

til þess að gangast undir þær skuldbindingar, er sáttmálinn leggur á meðlimina. Einná þyðingarmest ákvæðanna um skyld ur og kvaðir er 43. grein sáttmálans. Sú grein áskilur meðlimunum samningsrjett við Öryggisráðið um kvaðir samkvæmt greininni, og leggur nefndin þann skilning í ákvæðið, að engar slíkar kvaðir sje unnt að leggja á íslenska ríkið nema að fengu samþykki þess sjálf. Íslendingar eru eindregið andvígir herstöðvum í landi una.

sínu, og munu beita sjer gegn því að þári verði veittar“.

Með þessum fyrirvara ætlaði nefndin auðvitað ekki að koma í veg fyrir, að herstöðvar yrðu látnar á ófriðartímum. Ef menn hefðu ætlað að neita sliku var þátttaka í bandalaginu gersamlega býðingarlaus.

Hitt óttuðust menn, að vegna þess að Ísland gæti ekki látið annað í tje, yrði herstöðva krafist á friðartímum og á það vildu menn alls ekki fallast.

Þessi sjerstaða Íslendinga var virt og tók Ísland því seti meðal Sameinuðu þjóðanna haustið 1946. Höfðu menn með því tryggt frið og öryggi landsins eins vel og þá var frekast mögulegt og töldu þess vegna, að eftir atvikum mætti vel við andvígir herstöðvum í landi una.

Hótel Borgarnes brennur til ösku

Hótelrið varð alelda á svipstundu

24. sept.

EITT STÆRSTA hús Borgarness, Hótel Borgarnes, brann til ösku á skammri stundu um hádegisbilið í gær. — Margt fólk var í hótelinu er eldurinn kom upp, en það komst allt út ómeitt. — Litlu tókst að bjarga af innanstokksmunum, eða öðru sem þar var inni.

Um upptök eldsins er ókunnugt. Því var veitt eftirtekt um kl. 12,30, að eldur stóð út um glugga í rishæð hótelins. Það var tvilyft, portbygt hús, með háu risi og voru þar nokkur gestaherbergi, en hótelrið gat hýst milli 20—30 næturgesti.

Húsið alelda á svipstundu.

Eldurinn hefur farið með leifeturhraða um húsið. Á fáeinum augnablikum var það orðið alelda. Margt gesta var þá í veitingasal hótelins, enda matmálstími. Gestirnir komust allir út ómeiddir og um leið og þeir fóru úr salnum, tóku þeir með sjer húsgögn og annað úr veitingasalnum. Einnig tókst að bjarga einhverju smávegis af miðhæðinni. — Öðru tókst ekki að bjarga og missti forstjórin, nokkuð af eignum sínum, starfsfólk hótelins, 10—12 manns, missti alt sitt, en það bjó í hótelinu.

Næstu hús í hættu.

Slökkviliðið kom á brunastað inn innan stundar. Var þá ljóst, að tilgangslaust var að ætla sjer að bjarga hótelinu. Nærleggjandi hús voru í hættu. Þó logn væri, og var því lögð áhersla á, að verja þessi hús. Á þær hliðar húsanna, er sneru að eldhafinu, voru breidd segl, en síðan dælt vatni á þau. — Á bennan hátt tókst að forða húsum frá nokkrum yfirleittum skemnum. Í einu þeirra munu

þó rúður hafa sprungið vegna hitans frá eldinum.

Brann á 1 klst.

Sem fyrr segir, varð Hótel Borgarness alelda á skammri stundu, en húsið var úr timbri, járnvarið. Grunnflötur þess var um 160 ferm., með tilheyrandi útbyggingum. — Er klukkustund var liðin frá því eldsins varð vart, var húsið hrunið að grunni, en fram eftir degi logaði í rústum þess. Hótelrið var byggt 1906, en síðan hefur það bæði verið stækkað og endurbyggt.

Tilfinnanlegt tjón.

Bruni þessi hefur ekki aðeins í för með sjer tjón fyrir eiganda þess, Ingólf Pjetursson, heldur og fyrir kauptúnið í heild. — Hótelrið var tryggt hjá Bruna-bótafjelagi Íslands og innanstokksmunir og annað, er við kemur rekstri hótelins, var tryggt fyrir aðeins um 40 þús. kr.

Títo mótmælir ungversku „rjettar“ höldunum

BELGRAD, 24. sept.: — Títo marskálkur, sem meðal annars er utanríkisráðherra lands sín afhenti sjálfur ungverska sendi herranum orðsendingu í dag. Mótmælir hann þar harðlega réttarhöldunum yfir Laszlo Rejt og þeim óbúnum í denir ir voru með honum. — Reuter.

Bjarni Benediktsson:**Utanríkismál 3**

ÁHRIF ALPÝÓÐAHYGGJU OG OFSATRÚAR Á UTANRÍKISMÁL

ENGIN bjóð getur lifað algerlega einangruð. Sjerhver beirra verður fyrir margskonar áhrifum af aðgerðum annara bjóða, og hlýtur um margt nauðug eða viljug að miða sínar eigin framkvæmdir við aðgerðir annara. Kenningar, lifs- og heimsskoðanir, sem uppi eru hverju sinni, hafa og mikil áhrif á utanríkisstefnu bjóðanna.

Trúarbragðastyrjaldirnar

Trúarbrögðin hafa oft hleypt stórstyrjöldum af stað. Útbensla Arabaríkjanna fyrir allmögum öldum átti rætur sínar að rekja til ákefðar Araba í útbreiðslu Múhameðstrúar.

Allir kannast við styrjaldirnar, innan ríkja og á milli ríkja, út af trúarágreiningi kapólskramanna og mótmælenda á 16. og 17. öld. Í þær deilur blandaðist að vísu mjög valdatogstreita stórveldanna. Richelieu, sem var kardináli kapólsku kirkjunnar, styrkti t. d. með ráðum og dað herfarir mótmælenda á móti kapólskum mönnum í Þýskalandi.

Þegar þannig stendur á, er oft erfitt að greina á milli hvar valdatogstreitan endar og trúarbragðaofstækið tekur við.

Margskonar trú

Trúin á mannasetningar mun og oftar hafa leitt til styrjaldar en trúin á drottinn. Slik oftrú á mannasetningar á sjer staðenn í dag. Besta dæmi þess eru alþjóðasamtök kommúnista.

Þau eru að vísu ekki í orði kveðnu sögð vera bygð á trú heldur en á „vísindalegri“ skoðun. — Ekki eiga þau vísindi samt neitt skyld við venjuleg rannsóknarvíindi, þar sem meginreglan er sú, að hafa það eitt, er sannara reynist. Því að reynslan er þegar búin að afsanna flestar eða allar af meginkenningum kommúnista.

Engu að síður er hinn alþjóðlegi kommúnismi mikið afl í heiminum. Og hann er enn þá meira afl vegna þess, að helstu forsvarsmenn hans ráða nú ríkjum í einu voldugasta heimsrikini, sem sje Rússlandi. En Rússland er einmitt ágætt dæmi þess, hvernig saman geta blandast í utanríkisstefnu ríkisins gamalpektir og stöðugir stórvelda hagsmunir, og alþjóðleg stjórnmalastefna, sem á sjer fylgjendur í flestum eða öllum ríkjum.

Sovjetstjórnin og zararnir beita sömu ráðum

Kommúnistar fordæma að vísu í orði ákaff heimsveldistefnu zaranna, er ríktu í Rússlandi á undan sjálfum þeim. Engu að síður beitir Sovjetstjórnin flestum þeim ráðum, sem fyrirrennarar hennar beittu til eflingar Rússlandi og veldi sínu.

Sovjetstjórnin fylgir t. d. sömu útpenslu stefnunni og zar-

Takmörk valdatogstreitu og trúarbragðaofstækis

arnir fóru eftir.

Sovjetstjórnin hefur m. a. bygt landakröfur sínar beinlínis á því, að lönd hafi einhverntima áður fyrri heyrt undir einvaldsríki zaranna. — Svo er t. d. um baltnesku löndin þrjú, Eistland, Lettland og Lithauen, austurhluta Póllands, þann hluta Rúmeníu, er nefnist Bessarabía, og þann hluta Japan, er Rússar fengu innlimaðan eftir heimsstyrjöldina síðari.

Í engu þessara landa eða landshluta hafa þegnarir sjálfir fengið að kveða á um örlog sín með þeim hætti, sem viðtekinn er í frjálsum lýðræðisrikjum.

Það, sem úrslitum rjeði, var að Sovjetstjórnin vildi ekki una því, að ríki hennar væri minna en það, sem zararnir höfðu ráðið yfir, en auðvitað var því samfara áhugi fyrir, að sem flestir fengi að njóta Sovjetkipulagsins

um sem fjelgasamtökum í öllum löndum jarðar, yfirlangssteftu sinni til styrktar.

Það er vegna þess, að Sovjetstjórnin lítur á Rússland, sem frumkvöðul byltingarinnar, að hún skirrist ekki við að efla kommunistaflókksdeildir í öðrum löndum. Sovjetstjórnin veit vel, að slikear aðfarir hljóta að spilla sambúðinni við aðrar þjóðir. Þess vegna var yfirlýsingin um að Komintern væri hætt störfum, gefin einmitt

1943, þegar Sovjet-Rússland þurfti á hjálp vestrænu lýðræðisrikjanna að halda til þess að verjast áras Þjóðverja.

Allar líkur benda að visu til, að raunverulega hafi Komintern aldrei hætt störfum. Meðal annars hefur Gouzenko, sá, er ljóstraði upp njósnunum miklu og ljótu í Kanada, skýrt frá því, að upplausn Komintern, hafi verið einber blekking. — Allt það sem hægt var að staðreyna af því, sem Gouzenko sagði, reyndist rjett, og er þess vegna ekki ástæða til að vje-fengja frásögn hans um þetta. Sú frásögn er studd af ótal fleiri rökum.

Miðað við hagsmuni Rússia

Sjálfir hafa Rússar og af-hjúpað að nokkru áframhaldandi starf Komintern með stofnun Kominform. — Hinnymsu deildir kommúnistaflókksins um heim allan sýna og hvarvetna með hegðun sinni og störfum, að þótt þær kallist ólikum heitum á mismunandi stöðum, þá lúta þær leiðsögn Moskva og forráðum í öllu.

Þetta kemur t. d. fram svo að segja daglega hjá deild kommúnista hjer á landi. Það var og berum orðum tekið fram af Brynjólfvi Bjarnasyni árið 1941, er hann sagði á Alþingi, að á Íslandi mætti „skjóta án miskunar“, aðeins ef það yrði Rússum að gagni.

Árekstur sjaldgæfur

Greinilegt er, að rússneska stjórnin telur markmið utanríkisstefnu sinnar vera tvennskonar. Annarsvegar vill hún efla völd og öryggi Rússlands, sem mest. Á hinn bóginн telur Sovjetstjórnin ríki sitt vera heimkynni og arinn heimsbyltingarinnar og vill, að þaðan leggi loga hins nýja skipulag um alla heimsbygðina.

Stundum reynist erfitt að greina á milli fyrir hvoru Sovjetstjórnin er að berjast í það og það skiftið. Hvort það er vöxtur og viðgangur Rússlands eða fyrir gangur heimsbyltingarinnar.

Frumkvöðull heimsbyltingarinnar

Þrátt fyrir þessar staðreyndir verður utanríkisstefna Rússalls ekki skilin með því einu að skoða hann. einungis sem framhald af stefnu og óskadraumum zaranna.

Það er að vísu ótvírátt, að Sovjetstjórnin gefur fyrri vald höfum Rússa ekki eftir um útbenslustefnu gagnvart nágrönnunum, en til viðbótar kemur það, að hún telur sig vera vöð og frumkvöðul heimsbyltingarinnar samkvæmt kenningu Marx.

Frjálslyndir menn um heim allan óttuðust að vísu zarana á-sinum tíma sem yfirlangseggji. En zararnir sjer sje bo aldrei upp fímtu herdeild-

Hvernig, sem á er litið, er ótvírátt, að valdhafarnir austur þar eru þeirrar skoðunar, að heimsbyltingunni sje þá best borgið, ef Rússland verður sem allra voldugast. Í huga þeirra verður þess vegna sjálfsgagt til-tölulega sjaldan árekstur af þessum sökum.

Hollusta íslensku flokksdeildarinnar

A sama veg sýnist einnig vera um þá kommúnista viðsvegar um heim, sem alveg hafa gefist upp við sjálfstæða hugsun um grundvallaratriði, en

trúa blint á kenningar Marx og Lenins og hafa þá öruggu sannfæringu, að Stalin sje hinn eini óskeikuli túlkandi þeirra. En þessi er skoðun allra ráðandi kommúnista íslenskra.

Hugarheimur þeirra er í stuttu málí sá, að farsæld Íslands sje komin undir þagi hins alþjóðlega kommúnisma. Þess vegna telja þeir sig gagna Íslandi best með því að stuðla að framgangi hins alþjóðlega kommúnisma. Stuðningur við hann birtist aftur á móti í skilyrðislausri hlýðni við öll fyrirmæli valdhafanna í Kreml og þar með algerri þjónkun við rússneska hagsmuni.

„Villa“ Titos

„Villa“ Titos er fólgin í því, að hann heldur, að hægt sje að vera góður kommúnisti, en vilja samt sjálfstæði lands síns. Hann er jafn santrúaður á kenningar Marx og Lenins og Stalin sjálfur. Munurinn á skoðunum Titos og Stalins er sá, að Tito telur, að það sje ekki óhjákvæmleg nauðsyn fyrir framgang heimsbyltingarinnar, að kommúnistar hvarvetna lúti í einu og öllu boði valdhafanna í Moskva, heldur eigi kommúnistar í öðrum löndum að beita skynsemi sinni og þar á meðal að nota hana til sjálfstæðrar túlkunar á kenningu meistaranna.

Á þessu hefur Stalin allt aðra skoðun. Hann telur sjálfan sig hinn eina rjetta túlkanda boðskapar þeirra Marx og Lenins og lætur málpípur sínar fullyrða, að Tito sje „fasistiskur vitfiringur“, af því, að hann leitast við að láta land sitt halda nokkru sjálfstæði.

Pola ekki sjálfstæði annara

Það er von, að Stalin og fjarlar hans kunni illa sjálfstæðisbrölli Titos. Styrkleikur þeirra liggr einmitt í skilyrðislausri hlýðni flokksmannar þeirra í öðrum löndum. Hlýðni, sem fer langt fram úr hollustu Frh. neost a næsta dálki.

þjóðviljinn klumsa

PAD þykja að vonum miklar frjettir, að fjögur rússnesk síldveiðiskip hafa verið tekin í land helgi, ekki síst þar sem á undan fór söguleg viðureign milli hinna erlendu veiðipjófa annars vegar og íslenskra sjómanna og varðskips hinsvegar, sem lauk með því, að veiðipjófarnir voru teknir, þótt þeir nytu aðstoðar njósnara, sem gerði þeim aðvart þegar kallað var á varðskipið.

Morganblaðið og Alþýðublaðið skýrðu frá þessum atburðum í gær, en svo undarlega bregður við, að kommúnistamálögagnið, Þjóðviljinn, verður klumsa og skýrir ekki einu orði frá töku hinna erlendu skipa.

Ástæðan er augljós. Landhelgisbrjótarnir eru rússneskir. Þá má ekki einu sinni nefna að skipin hafi verið tekin í landhelgi.

Rússar hafa sýnt megnan yfirlang á síldarmiðunum í sumar. Peir hafa áður verið staðnir að því í sumar að veiða í landhelgi og framferði þeirra verið kært fyrir íslenskum yfirvöldum af skipstjórunum á m.h. Finnbirni frá Ísafirði og m.b. Vonin II frá Vestmannaeyjum.

Hinir rússnesku leiðangursmenn hafa hvað eftir annað gert sjer leik að því í sumar að spilla veiði fyrir Íslendingum með því að fæla niður torfur, sem þeir voru ekki i aðstöðu til að kasta á sjálfir frá skipum sínum.

Óvinsældir þær, sem þeir hafa bakað sjer með þessu attferli sínu, skýra það hve fljóttir og samtaka íslensku sjómannir voru austur við Fagranes, að varna hinum rússnesku veiðipjófum undankomu, áður en varðskipið kæmi á vettvang.

Kommúnistaflokkurinn hefur sýnt hug sinn til rússneska síldveiðileiðangursins í fyrra, þegar „hr. Jónsson-Jakobsson“ var umboðsm. þeirra á Sigluf. og útvegaði þeim two „leiðsögu-menn“, Sigurjón Narfason og annan álíka legáta. Og í ár hefur þjónustan verið fólgin í því að láta forustumenn kommúnistaflókksins á Siglufirði sjá um afgreiðslu rússnesks leiðangurs-skips, er það kom á Siglufjörð í sumar og væntanlega hefur „hr. Jónsson-Jakobsson“ útveg-að aftur „leiðsögu-menn“ um borð í skipin, þótt laumulegar hafi verið að því farið en í fyrra, af skiljanlegum ástæðum.

Þógn hennar Kjarta-Möngu í Þjóðviljanum um yfirlang og landhelgisbrot Rússia talar einnig sínu málí.

En íslenskir sjómenn svöruðu fyrir sig austur við Fagranes á sunnudaginn var.

Frh. af fyrra dálki. bessara manna við það land, er þeir dvelja í sem borgarar bess.

Valdhafarnir í alþjóðasamtökum kommúnista telja sig ekki mega vera án þvílikr-ar hlýðni flokksmannar sinna í öllum löndum. Þess vegna verða þeir að berja niður allar tilraunir, sem upp kunna að koma hjá hinum einstöku flokksdeildum til rauverulegs sjálfstæðis.

Bjarni Benediktsson:

EÐLI UTANRÍKISMÁLA, MARKMIÐ OG LEIÐIR

AUÐVITAÐ HÖFÐU utanríkis mál haft þýðingu fyrir Ísland löngu áður en Íslendingar tóku sjálfir við meðferð þeirra mála að öllu leyti. Íslendingar urðu aðeins lítt varir þýðingar mála þessara meðan landið var hluti danska ríkisins.

Utanríkismál hafa úrslitabýðingu um velfarnað þjóðarinnar

Margt af því, sem aflaga fór þá, og menn töldu að lægi í hlutarins eðli og ekki væri hægt að gera við, leiddi beinlínis af því, að aðrir en Íslendingar fóru með utanríkismál landsins. Menn, sem að vísu vildu Íslendingum alt gott, að því leyti, er þeir mundu eftir, að þeir væri til, en höfðu alt aðra hagsmuni en íslenska í huga, begar þeir tóku ákvarðanir sínar.

Þýðing utanríkismálanna fyrir allar þjóðir, og þó einkum Íslendinga, hefir mjög aukist hin siðari ár. Aukin tækni og vaxandi viðskipti hafa gert þjóðirnar miklu háðari hver annan í en áður var. Þjóðir, sem búa í nábýli við aðrar þjóðir, hafa oftast átt meira undir með ferð utanríkismála en hinarr sem afskektar eru.

Þó að Ísland sje enn á sama stað og það ætíð hefir verið, þá hefir samgöngutæknin eytt fjarlægðunum og gert þá að nágrönum, sem áður virtust vera óravegu í burtu. Á meðan Ísland var talið „óáðskiljanlegur hluti Danaveldis“, lenti Danmörk oft í styrjöldum, en Ísland slapp samt við öll hervirki. Það var þó ekki herafli Dana, sem verndaði Ísland á þeim árum, heldur fjarlægðin, sem nú er úr sögunni.

Helstu markmið

Helsta markmið utanríkismál herra hverrar þjóðar, er það, að tryggja, að hún geti lifað í friði og farseld í landi sínu óáreitt af öðrum. Jafnvel þær þjóðir, sem hneigðar eru til árásá á aðra, segjast hafa þetta markmið, aðeins vilja ná því eftir annarlegum leiðum. Annan að höfuðmarkmið er að efla menningartengsl og samskipti við aðrar þjóðir og auðvelda sölu afurða landsmanna og öflun nauðsynja annarsstaðar frá.

Engri þjóð tjáir að ætla ein göngu að hugsa um eigin hagsmuni. Hver og ein verður að gera sitt til þess að auka velfarnað annara. Með því móti einu getur hún sjálf vænst hagseldar og velvildar annara til lengdar.

Um öll stjórnmal er það svo, að menn greinir þar á um markmið og leiðir, þó öllu oftar um leiðirnar að markmiðunum, heldur en markmiðin sjálf. Á þenna veg er þessa auðvitað hátt að um utanríkismál ekki siður en önnur stjórnmal.

Atriði, sem ætíð og allsstaðar hafa þýðingu

Telia má bó ómis atvik, sem ætíð hljóta að ráða miklu um

Því meiri samhugur sem þjóðarþroskinn er meiri

utanríkismálastefnu. Lega

menn leitast við að hafa þá lands, stærð og háttúruauðlegð hafa þar grundvallarþýðingu. Stærð þjóðarinnar, menning hennar og viðskiptahagsmunir eðlilega mjög miklu. Hugarfarar þjóðarinnar, svo sem það, hvort hún er friðsmál að eðli eða drottunargjörn og herská, hefir að sjálfsgöðu mikla þýðingu. Þannig mætti telja mörg atvik, sem miklu ráða í þessu efni. Sum þeirra haldast óbreytt til lengdar. Önnur eru stöðugum breytingum undirorpini.

Afleiðing alls þessa er sú, að ýmsir hafa haldið fram, að utanríkisstefnan ætti ætíð að vera óháð dægurþrasinu inn á við. Þó að stjórnmalaflokkar deildu um innanlandsmálin, ættu þeir engu að siður að geta haft sam-eiginlega stefnu í utanríkismálum.

Utanríkisstefna Bretta

Reynslan nefir og längum verið sú, að hjá þeim þjóðum, sem proskaðast eru um stjórn arhætti, hefir ágreiningurinn verið minnstur um utanríkismál. Þannig hefir þessu t. d. verið hátt að um Bretta.

Utanríkisstefna þeirra hefir í höfuðatriðum verið hin sama, hvort sem frjálslyndir, ihaldsmenn eða verkamannaflokkurinn hafa farið með völd.

Til dæmis um þetta er saga, sem Byrnes, fyrrv. utanríkisráðherra Bandaríkjanna segir í bók sinni „Frankly Speaking“. Saga hans er á þá leið, að bresk hefðarkona hafi hlustað á utanríkisráðherrann enska halda ræðu skömmu eftir stjórnarskiptin síðustu í Englandi. Að ræðunni lokinni sagði frúin:

„Anthony Eden talaði ansi vel núna. En hann er orðinn töluluvert bústnari en hann var.“ Auðvitað var það ekki Eden, sem talaði, heldur Bevin. — En hann er, eins og kunnugt er, töluluvert þreknari maður heldur en sá fyrnlefndi.

Pessi saga er að vísu gaman saga, en hún hefir þau sannindi að geyma, að Bevin fylgir að mestu sömu utanríkisstefnunni og fyrirrennari hans, Anthony Eden, gerði.

Beggja-flokka-stefna í Bandaríkjunum

Með svipuðum hætti hefir farið í Bandaríkjunum. Utanríkisráðherra republikanans Hoovers var Stimson. Hann gat sjer svo gott orð i þeirri stöðu, að demokratinn Roosevelt gerði hann að einum helsta aðstoðarmanni sínum sem hermálaráðherra, þegar ástandið í utanríkismálum versnaði og sýnt var, að Bandaríkin mundu ekki komast hjá þátttöku í heimsstyrjöldunum síðari.

Eftir striðið hata Bandaríkja

Utanríkismál 2

Dregið í 9. fl. Happdræftisins

25000 krónur:
10491

22766 23193 23232 23244 23389
23642 23682 23936 23951 24810

5000 krónur:
18311

200 krónur:
141 150 151 220 236
260 263 281 365 442

2000 krónur:
800 3740 6834 7135 12346

539 577 605 759 769
803 852 932 1040 1098

13482 15485 18027 23380

1123 1241 1255 1314 1375

1000 krónur:
2120 14037 15521 15569 17243

1465 1474 1481 1484 1600 1617

20755 21332 21904 23764 24839

1622 1735 1773 1799 1843
1845 1880 1890 2038 2143

24853 *

2159 2203 2241 2277 2338
2520 2611 2693 2785 2807

500 krónur:
16 693 1931 2025 2479

2826 2945 2953 2991 2999
3013 3109 3117 3120 3260

2852 3471 3577 4578 7122

3410 3515 3522 3527 3533

7747 8336 12214 12619 12939

3573 3801 3803 3919 4036

13234 13699 13947 15310 16299

4086 4132 4133 4191 4228

13407 16533 18951 19539 20975

4264 4269 4296 4434 4462

21949 24212 24475

4525 4571 4574 4600 4620
4621 4635 4653 4684 4728

320 krónur:
73 145 255 649 748

4785 4787 4982 5006 5008
5057 5223 5263 5265 5277

829 890 1042 1195 1199

5333 5386 5521 5524 5641

1405 1502 2480 2596 3576

5694 5721 5814 5866 5945

3667 3722 3929 4680 4959

6133 6147 6232 6263 6276

4967 5091 5800 5853 5957

6294 6407 6444 6473 6523

6087 6102 6181 6568 6986

6572 6596 6620 6658 6660

7260 7298 7383 7580 7594

6751 6906 6909 6939 6988

7868 7911 7993 8071 8284

7060 7108 7110 7131 7188

8490 8770 8774 8787 8865

7198 7230 7267 7283 7372

9032 9050 9182 9267 9333

7389 7414 7495 7498 7599

9992 10235 10277 10761 11123

7611 7696 7697 7709 7752

11173 11182 11251 11288 11341

7957 7971 8021 8196 8210

11861 11863 12540 12572 12699

8257 8270 8304 8334 8424

12761 12811 13295 13322 13564

8483 8563 8570 8572 8637

13622 13820 13883 13936 13983

8664 8690 8750 8818 8871

14100 14176 14212 14229 14474

8874 8963 9157 9337 9394

14639 14805 14947 15129 15201

9409 9524 9597 9661 9714

15287 15391 15524 15735 15802

9722 9750 9787 9794 9807

15846 15920 16043 16126 16491

9890 9906 9916 9928 9956

16621 16795 17019 17346 17430

9975 10100 10144 10333 10339

17590 17638 17694 18102 18197

10363 10395 10450 10460 10595

18721 19295 19556 19668 20003

10606 10620 10634 10677 10720

20178 20500 20521 20707 20862

10777 10820 10972 11079 11165

21017 21023 21047 21078 21247

11170 11175 11314 11433 11538

21317 2141